

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um skiptingu rannsókn- og þróunarfjár á milli fræðasviða og starfsgreina.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig skiptist það fé sem varið var til rannsókna og þróunar á Íslandi, samkvæmt áætlun hagtöludeildar Rannís fyrir árið 2001, annars vegar á milli fræðasviða og hins vegar starfsgreina? Hver var þróunin árin fimm þar á undan?*

Til rannsókna er varið opinberu fé, framlögum atvinnulífsins og auk þess hafa íslenskir vísindamenn aflað umtalsverðra styrkja erlendis frá. Hagtalna um rannsóknir og þróun er aflað á tveggja ára fresti. Er í því efni fylgt vinnulagi OECD, enda er það sjaldgæft að svo miklar breytingar verði milli ára að ástæða sé talin til þess að safna þessum tölum árlega. Því er ekki unnt að veita upplýsingar um árin 2000, 1998 og 1996 eins og farið er fram á. Þær tölur hafa ekki verið teknar saman.

Þess í stað eru birtar tölur fyrir annað hvort ár frá 1993–2001 á verðlagi ársins 2001. Sú skipting sem hér er spurt um er síðasti þátturinn í gerð skýrslu skrifstofu Rannís fyrir 2001 sem birt verður á næstu vikum. Þar sem hér er um að ræða fyrstu tölur kynnu einhverjar breytingar að verða þegar endanlegar upplýsingar liggja fyrir.

Í starfsgreinatengdum rannsóknum fara einnig fram grunnrannsóknir og er ætlað að um 30% grunnrannsókna í landinu fari fram utan háskólastofnana. Á sama hátt fer nokkuð af hagnýtum rannsóknum fram við háskólastofnanir.

Flokkunin sem fylgt er í eftirfarandi töflu byggist á aðferðafræði OECD. Nákvæmari sundurliðun á skiptingu fjárens milli einstakra fræðigreina liggur ekki fyrir.

Flokkun fjármagns til rannsókna og þróunar eftir viðfangsefnum 1993–2001. Þús. kr.						
Visitala vöru og þjónustu án húsnæðis	211,4	191,1	184,5	176,8	171,4	
Verðlag 2001	<b>2001</b>	<b>1999</b>	<b>1997</b>	<b>1995</b>	<b>1993</b>	
<b>Hagnýtar rannsóknir og þróun:</b>						
<b>1</b>	<b>Fiskveiðar og landbúnaður</b>	<b>2.743.270</b>	<b>2.393.140</b>	<b>1.928.669</b>	<b>1.403.578</b>	<b>1.429.809</b>
1,1	Landbúnaður	726.950	445.649	409.953	340.270	357.953
1,2	Fiskveiðar	1.683.032	1.726.218	1.195.183	801.210	758.234
1,3	Fiskeldi	333.288	221.273	323.533	262.098	313.622
<b>2</b>	<b>Iðnaður</b>	<b>4.422.907</b>	<b>4.286.782</b>	<b>3.264.046</b>	<b>2.431.080</b>	<b>2.044.313</b>
2,1	Fiskiðnaður	150.557	794.321	982.253	765.009	655.150
2,2	Almennur iðnaður	1.188.505	1.429.178	1.138.359	858.015	928.055
2,3	Byggingarstarfsemi	300.496	253.401	242.013	280.978	175.902
2,4	Tölvuv. og hugbúnaðarg.	2.783.349	1.809.882	901.421	527.078	285.206
<b>3</b>	<b>Orkuframl. og dreifing</b>	<b>596.955</b>	<b>353.265</b>	<b>358.465</b>	<b>479.393</b>	<b>420.804</b>
3,1	Vatnsorka	390.283	218.961	212.435	260.165	346.839
3,2	Jarðvarmi	198.708	128.721	135.129	204.111	69.758
3,3	Aðrir orkugjafar	7.964	5.583	10.901	15.116	4.207
<b>4</b>	<b>Samgöngumál og fjarskipti</b>	<b>396.984</b>	<b>282.810</b>	<b>219.921</b>	<b>198.036</b>	<b>173.862</b>
<b>5</b>	<b>Skípulagsmál bæja o.fl.</b>	<b>21.954</b>	<b>63.628</b>	<b>54.841</b>	<b>30.774</b>	<b>19.698</b>
<b>6</b>	<b>Umhverfi og mengunarvarnir</b>	<b>342.376</b>	<b>277.597</b>	<b>209.440</b>	<b>157.232</b>	<b>164.041</b>
<b>7</b>	<b>Heilbrigðismál</b>	<b>8.726.125</b>	<b>3.992.505</b>	<b>1.618.608</b>	<b>808.264</b>	<b>564.949</b>
<b>8</b>	<b>Félags- og tryggingamál</b>	<b>574.862</b>	<b>422.810</b>	<b>350.880</b>	<b>244.620</b>	<b>20.262</b>
<b>9</b>	<b>Menningarmál, fjölmiðlar o.fl.</b>	<b>279.954</b>	<b>246.030</b>	<b>128.460</b>	<b>135.015</b>	<b>52.690</b>
<b>10</b>	<b>Skóla- og kennslumál</b>	<b>333.874</b>	<b>325.834</b>	<b>203.076</b>	<b>103.068</b>	<b>84.549</b>
<b>11</b>	<b>Atvinnusjúkd. og vinnuaðstaða</b>	<b>60.172</b>	<b>9.618</b>	<b>445</b>	<b>4.012</b>	<b>555</b>
<b>12</b>	<b>Efnahagsmál og opinber stjórnun</b>	<b>333.717</b>	<b>254.347</b>	<b>114.082</b>	<b>92.928</b>	<b>19.913</b>
<b>13</b>	<b>Náttúruauðlindir og nýting</b>	<b>299.984</b>	<b>299.987</b>	<b>323.425</b>	<b>163.097</b>	<b>161.964</b>
13,1	Landgrunnsrannsóknir	12.449	15.155	8.191	4.472	10.378
13,2	Auðlindaleit	17.378	16.269	93.394	8.381	7.400
13,3	Veðurfarsrannsóknir	119.913	162.517	173.146	68.795	68.231
13,4	Aðrar rannsóknir	150.245	106.045	48.693	81.450	75.955
	<b>Samtals hagnýtar rannsóknir og þróun</b>	<b>19.133.133</b>	<b>13.208.352</b>	<b>8.774.357</b>	<b>6.251.096</b>	<b>5.274.579</b>
<b>Grunnrannsóknir, almenn þróun vísinda</b>						
14,1	Tækni- og verkfræði	299.738	277.211	234.176	620.369	280.236
14,2	Raunvísindi	1.035.774	894.691	805.042	211.718	299.244
14,3	Læknávisindi	791.072	525.060	573.144	407.588	413.181
14,4	Fiskveiðar og landbúnaður	329.662	384.859	254.989	287.950	277.251
14,5	Félagsvísindi	335.183	263.500	216.145	124.508	163.105
14,6	Hugvísindi	673.541	499.843	344.530	353.083	148.491
14,7	Þverfaglegt	0	10.722	0	0	1.211
	<b>Samtals grunnrannsóknir</b>	<b>3.464.970</b>	<b>2.855.885</b>	<b>2.428.026</b>	<b>2.062.686</b>	<b>1.582.719</b>
	<b>ALLS</b>	<b>22.598.103</b>	<b>16.064.236</b>	<b>11.202.383</b>	<b>8.313.782</b>	<b>6.857.298</b>